

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Akureyri, 5.6.2024
UST202401-329/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Gallon ehf., Eskifirði geymir nr. B204

Umhverfisstofnun bárust þann 17. apríl sl., þykktarmælingar og segulssviðsskönnun á geymi Gallon ehf., Eskifirði. Geymirinn hefur fastanúmerið 217-0616 0401010 og eigendanúmerið B204. Hann er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila á hafnarsvæðinu á Eskifirði. Geymirinn er standandi stálgeymir, smíðaður árið 2002.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli A. Guðmundsson HD ehf., Kópavogi, þann 12. mars 2024. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 - 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial No.MK4 0016-A-TFS. Botn geymisins var mældur, ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. M-MFL-240932-ESKIFJ-B204-2024, frá HD ehf., að geymirinn sé málaður að hluta að innan eða þ.e.a.s. botn og neðsta umfarið, sem lítur vel út. Fram kemur að geymirinn sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu, að gólf sé ótært og að gólfskanni hafi ekki gefið til kynna neina tæringu neðan frá.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri